

Retrierverdeild HRFÍ



Skýrsla stjórnar 2019

Lögð fram á ársfundi deildarinnar 19. febrúar 2020
í Síðumúla 15



Stjórn og nefndir

Ræktunarstjórn	Vinnu-og veiðinefnd	Sýninganefnd	Göngu- og skemmtinefnd	Básanefnd	Vefsíðunefnd
Heiðar J. Sveinsson* Sigrún Guðlaugardóttir Gunnar Örn Arnarson Unnur Olga Ingvarsdóttir Sanna Birna Helgadóttir	Vilhjálmur Kári Heiðdal Þórhallur Viðar Atlason* Viðir Lárusson Ævar Valgeirsson Heiðar Sveinsson Vilhelm Jónsson Jens Magnús Jakobsson Guðrún Björg Ragnarsdóttir Svava Guðjónsdóttir	Guðbjörg Guðmundsdóttir Óli Þór Árnason Sólrun Dröfn Helgadóttir Sanna Birna Helgadóttir Þórdís Skúladóttir	Óli Þór Árnason Sanna Birna Helgadóttir Lene Grönholm	Sigrún Guðlaugardóttir	Guðbjörg Guðmundsdóttir Olgeir Gestsson * Sólrun Dröfn Helgadóttir Svava Guðjónsdóttir Sigrún Guðlaugardóttir

* Formaður nefndar

Deildin

Retrieverdeildin er hópdeild innan HRFÍ sem fer með málefni Retrieverhunda í tegundahópi 8. Í febrúar voru skráðir 3025 (+207 frá í fyrra) hundar á lífi af 4 tegundum í gagnagrunni deildarinnar;

- 35 Nova Scotia Duck Tolling Retriever (+11)
- 52 Flat-coated Retriever (+9)
- 367 Golden Retriever (+23)
- 2571 Labrador Retriever (+164)

Allir retrievereigendur sem greiða félagsgjöld til HRFÍ teljast virkir félagsmenn.

Starfsemi

Á síðasta starfsári hélt deildin 13 veiðipróf og voru alls 127 skráningar. Deildin stóð einnig fyrir deildarsýningu og voru 96 hundar skráðir. Deildarmeðlimir fyrir norðan stóðu að veiðiprófi og sameiginlegum kvöldverði á Melgerðismelum með miklum myndarskap eins og undanfarin ár. Veiðinefnd ásamt stjórn stóðu að meistaraþæppi og kvöldverði sem heppnaðist vel og var mæting ágæt, hefur verið betri.


Á dagskrá deildarinnar voru 3 vinnupróf (WT) og var 2 aflýst vegna ónógrar þáttöku en eitt próf var haldið og skráðir hundar voru 9.

Ræktunarráð

Ræktunarráði barst aðeins 1 pörunarbeiðni á árinu og var henni svarað. Einnig bárust ræktunarráði nokkrar óskir um leiðbeiningar um pörun þar sem tíkur eða rakkar voru ekki með tilskilinn árangur eða heilsufar. Var öllum þessum beiðnum svarað með leiðbeiningum um hvernig staðið skal að málum. Á rakkalista eru allir rakkar sem uppfylla kröfur ræktunarstjórnar.

Got á árinu

Skráðir hvolpar í ættbók hjá HRFÍ árið 2019 voru: 165 Labrador hvolpar úr 25 gotum sem er 4 gotum færri en 2018 en jafn margir hvolpar, 4 Toller hvolpar úr 1 goti, sem 7 minna en 2018 og 1 goti færri. 8 Flat-coated hvolpar bættust í hópinn árið 2019 í 1 goti og er það sami fjöldi og 2018. 5 Golden got voru árið 2019 með 32 hvolpum sem er fjölgun um 3 got og 21 hvolp frá 2018.



Mynd 1. Fæðingarár ættbókarskráðra Labrador, Golden, Flatcoated og Toller Retriever frá upphafi

Innflutningur

Fluttir voru inn 1 Labrador Retriever, 1 Flat-Coated Retriever og 2 Golden Retriever árið 2019.

Veiðinefnd

Veiðinefnd hélt nokkra fundi á seinasta ári og skipulagði 13 veiðirpróf og 1 WT, tvö WT féllu niður vegna lítillar aðsóknar. Nefndin lagði til starfsáætlun fyrir stjórn deildarinnar fyrir árið 2020.

Veiðinefnd ásamt stjórn stóð að Meistarakeppni á haustmánuðum ásamt lokahófi um kvöldið sem tókst mjög vel og hefur fest sig í sessi sem árlegur viðburður.

Veiðinefnd stóð fyrir námskeiði fyrir retrieverhunda með áherslu á veiðieðli og veiðipróf. Heidi Kvan og Bjarne Holm frá Noregi voru fengin til að vera með námskeiðið og fór það fram í nágrenni Reykjavíkur og var vel sótt.

Mjaðma- og olnbogamyndir

Þrjár tegundir voru mjaðma- og olnbogamyndaðar á árinu. Niðurstöður má sjá í töflu 1.

2019											
	Niðurstöður mjaðmamynda (HD)					Samtals	Niðurstöður olnbogamynda (ED)				
	Fríir	C	D	E	Fríir		C	D	E	Samtals	
Labrador	40	9	6	0	55	53	2	0	0	55	
Golden	5	2	0	0	7	5	2		0	7	
Flat-coted	1	0	0	0	1	1	0	0	0	1	

Tafla 1. Niðurstöður myndatákna 2019

Augnskoðanir

Fjórar augnskoðanir voru framkvæmdar á árinu, niðurstöður má sjá á töflu 2.

Augnskoðanir 2019								
	Fríir	Fríir m. Athugas	Cataract	Distichiasis	Retinal displasi	Annað	Dystroph i	Samtals
Labrador	79	11	13	1	3	5	2	114
Golden	10	2	2			1		15
Flat Coated	1		1					2
Nova Scotia Duck Toller	1	3						4
Samtals	91	16	16	1	3	6	2	135

Tafla 2. niðurstöður úr augnskoðunum 2019

Göngu- og skemmtinefnd.


Göngu- og skemmtinefndin stóð fyrir Sýningarþjálfunum á árinu og voru þær mjög vel sóttar og vel að þeim staðið. Eins kom hún að framkvæmd deildarsýningar. Lene stóð svo fyrir veitingasölu á nokkrum prófum sem var mjög vel tekið í og frábært framtak. Eins voru veitingar á deildarsýningu til mikils sóma og miklar þakkir til þeirra sem stóðu að vinnu og undirbúningi fyrir gott starf og framlag til deildarinnar.

Sýningar

6 sýningar fyrir retrieverhunda voru haldnar á starfsárinu á vegum HRFÍ, 3 alþjóðlegar, ein Reykjavík Winner sýning, ein Winter Wonderland NKU og ein NKU, Af alls um 4286 skráningum voru Retriever skráningar á þessum sýningum 454 (eða um 11% allra skráninga); 335 Labrador, 69 Golden, 35 Flat-coated og 15 Nova Scotia Duck Tolling. Að auki var haldin deildarsýning þar sem 96 hundar voru skráðir. Petmark ehf. gaf eignarbikara fyrir besta hund tegundar og besta hvölp tegundar í báðum aldursflokkum á öllum sýningum Hundaræktarfélags Íslands sem og styrkti okkur veglega um eignarbikara í hinum ýmsu flokkum á deildarsýningunni okkar.

ÁR	HV.4-6	HV.6-9	ULFL	UHFL	OFL	VFL	MFL	ÖFL	SAMTALS
2005 (4 SÝN)	18	15	40	31	39	0	6	6	155
2006 (3 SÝN)	9	12	51	53	62	0	2	5	194
2007 (4 SÝN)*	21	23	22	59	108	0	0	4	237
2008 (4 SÝN)	8	24	52	23	98	10	1	0	216
2009 (5 SÝN)*	19	14	87	52	138	2	11	2	325
2010 (5 SÝN)*	29	41	83	39	149	10	15	5	371
2011 (5 SÝN)*	22	36	55	65	148	4	13	5	348
2012 (4 SÝN)	33	43	68	46	111	1	22	4	328
2013 (5 SÝN) *	32	27	78	67	143	20	34	4	405
2014 (6 SÝN) *	32	23	69	45	155	28	56	13	421
2015 (8 SÝN) *	24	42	61	67	141	25	62	16	438
2016 (6 SÝN) *	56	22	99	47	121	7	54	21	427
2017 (6 SÝN) *	53	46	136	48	168	10	51	19	531
2018 (7 SÝN) *	55	43	100	82	154	12	42	34	522
2019 (7 SÝN) *	44	53	122	43	214	7	38	29	550

Tafla 3. Þátttaka retrieverhunda í sýningum árin 2005-2019, skipt eftir flokkum. * = deildarsýning.



Mynd 2. Pátttaka retrieverhunda í veiðiprófum og sýningum frá 1995 – 2019.

Veiðipróf

13 veiðipróf voru haldin á vegum deildarinnar á starfsárinu og 127 luku prófi. Tveir erlendir dómarmar dæmdu, Lars Nørgaard frá Danmörku við Hvammsvík og Øyvind Veel frá Noregi í Eyjafirði. Petmark ehf. styrkti komu eins dómara til landsins og gaf öll verðlaun á veiðiprófum ársins. Íslensku dómarmarinnir dæmdu og/eða gegndu hlutverki fulltrúa HRFÍ á árinu. Við þökkum Halldóri Garðari Björnssyni, Sigurði Magnússyni, Margræti Pétursdóttur, Sigurmoni M. Hreinssyni, Kjartani I. Lorange, Hávari Sigurjónssyni og Jens Magnúsi Jakobssyni fyrir óeigingjarnt starf í okkar þágu og þeim fjölmörgu starfsmönnum sem aðstoðuðu við framkvæmd prófanna.

Frá upphafi veiðiprófa árið 1995 hafa 193 próf verið haldin og alls 2303 páttökur (934 í BFL, 580 í OFL og 789 í ÚFL). Alls hafa 268 labrador retriever hundar tekið þátt, 7 golden retriever, 2 chesapeake bay retriever og 6 flat-coated. Átta íslenskir dómarmar hafa dæmt alls 129 próf og 1305 hunda frá upphafi en 25 erlendir dómarmar hafa dæmt 62 próf og 839 hunda.

Skapgerðarmat

Ekkert skapgerðarmat var haldið á árinu á vegum HRFÍ.

Meistarar

16 Labradorar hlutu meistaranafnbót á árinu:

- C.I.E. ISShCh RW-16 NLM Leynigarðs Gæfa – Eigandi: Margrét Bergsveinsdóttir
- ISFtCh FTW-19 Edgegrove Apollo Of Fenway – Eigandi: Jens Magnús Jakobsson / Hólmfríður Kristjánsdóttir
- ISShCh ISJCh RW-18 Hrísnis Ugly II – Eigendur: Anna Ingvarsdóttir
- ISShCh All Hail The King Peter's Gang – Eigandi: Rósa Kristín Jensdóttir
- ISFtCh OB-I Ljósavíkur Alda – Eigandi: Ingibjörg Friðriksdóttir
- ISJCh Hrísnis Mila – Eigandi: Þuríður Hilmarsdóttir
- ISJCh Stjörnusteins Hanna Líf – Eigandi: Þórdís Skúladóttir
- ISJCh Stekkjardals Þorri – Eigandi: Eydís Björg Sæmundsdóttir / Hólmgeir Hólmgeirsson
- ISVetCh OB-I Sóltúns Artemis Rós – Eigandi: Árnmar J. Guðmundsson
- ISShCh ISVetCh Musical's The Hostage – Eigandi: Jóninna Hjartardóttir
- ISFtCh FTW-19 Ljósavíkur Nínó – Eigandi: Ingólfur Guðmundsson
- OFLW-19 Heiðarbóls Dimma – Eigandi: Heiðar J. Sveinsson
- OFLW-19 Klettavíkur Kara – Eigandi: Karl Andrés Gíslason
- BFLW-19 Huntingmate Atlas – Eigandi: Heiðar J. Sveinsson / Hólmfríður Kristjánsdóttir

- BFLW-19 Brekkubyggðar Þula – Eigandi: Þorsteinn Hafþórsson
- BFLW-19 Bergmáls Blíða Ronja – Eigandi: Henry Órn Magnússon

5 Golden hlutu meistaranafnbót á árinu :

- C.I.E. ISShSh EjCh Ech PTCh Heartbreaker De Ria Vela– Eigandi: Guðni B. Guðnason
- NORDICCh ISShCh ISJCh RW-18-19 Great North Golden Sunshine Hope – Eigandi: Steinunn Guðjónsdóttir
- NORDICCh ISShCh RW-19 Great North Golden Belukha Prime – Eigandi: Steinunn Guðjónsdóttir
- ISShSh Karvin Salsa's Secret Story – Eigandi: Sunna Birna Helgadóttir
- ISJCh Golden Magnificent Do You Love Me – Eigandi: Elizabeth Sara Tan Gammon

7 Flat-coated hlutu meistaranafnbót á árinu :

- C.I.E. ISShCh RW-17-18 Flatham's Vajien Dell Iceland Romeo – Eigandi: Fanney Harðardóttir
- C.I.E. ISShCh ISJCh RW-19 Norðan Heiða Stinningskaldi – Eigandi: Svala Einarsdóttir
- C.I.E. ISShCh Norðan Heiða Svartaþoka Skotta – Eigandi: Gunnhildur Jakobsdóttir
- C.I.E. ISShCh Almanza Too Soon To Panic – Eigandi: Ragnhildur Haraldsdóttir
- ISShCh Norðan Heiða Hnjúkaþeyr – Eigandi: Guðmundur Örn Guðjónsson
- ISShCh Norðan Heiða Hitabylgja – Eigandi: Laufey Böðvarsdóttir
- ISJCh Kolfinnur Eljar – Eigandi: Kristín Cardew Guðmundsdóttir

Stigahæstu hundar 2019

Reiknuð voru stig fyrir frammistöðu hunda á veiðiprófum og sýningum ársins 2019 og voru tíu hundum veitt viðurkenning á ársfundi deildarinnar í Síðumúlanum.

Veiðipróf 2019:

ISFTCH Ljósavíkur Nínó, með 70 stig. Eigandi: Ingólfur Guðmundsson. Farandbikar gaf Kolkuós ræktun.

Sýningar 2019 :

Stigahæsti labrador retriever • ISShCh ISJCh RW-18 Hrisnes Ugly II með 74 stig – Eigandi: Anna Ingvarsdóttir. Farandbikar gaf Leiruræktun.

Stigahæsti golden retriever: • NORDICCh ISShCh ISJCh RW-18-19 Great North Golden Sunshine Hope með 96 stig – Eigandi: Steinunn Guðjónsdóttir. Farandbikar gaf Great North Golden ræktun.

Stigahæsti flat-coated retriever: • C.I.E. ISShCh ISJCh RW-19 Norðan Heiða Stinningskaldi með 31 stig – Eigandi: Svala Einarsdóttir. Farandbikar gaf www.vinnuhundar.com

Stigahæsti nova scotia duck tolling retriever: RW-19 Heimsenda Öngull með 60 stig. Eigandi: Edward Birkir Dóruson. Eignarbikar gaf Amazing Gold ræktun.

Stigahæsti labrador retriever öldungur: • ISVetCh OB-I Sóltúns Artemis Rós með 26 stig – Eigandi: Árnmar J. Guðmundsson. Farandbikar gaf Leiruræktun.

Stigahæsti golden retriever öldungur: ISVetCh ISShCh Great North Golden Mount Belukhameð 14 stig. Eigandi Svava Guðjónsdóttir. Farandbikar gaf: Skotís ræktun.

Stigahæsti ungliði labrador retriever: • ISJCh Stekkjardals Þorri með 17 stig – Eigandi: Eydís Björg Sæmundsdóttir / Hólmgeir Hólmgeirsson. Farandbikar gaf Retrieverdeildin.

Stigahæsti ungliði nova scotia duck tolling retriever: : RW-19 Heimsenda Öngull með 60 stig. Eigandi: Edward Birkir Dóruson Eignarbikar gaf Amazing Gold ræktun.

Stigahæsti ungliði flat-coated retriever RW-19 Kolfinna með 12 stig. Eigandi: Stefanía Árdís Árnadóttir. Farandbikar gaf Retrieverdeildin.

Heimasíða

Heimasíðan deildarinnar er sem fyrr mikilvæg í starfinu og ómetanleg fyrir okkur sem höfum áhuga á að skoða árangur og framgang tegunda innan retriever grúppunnar. Olgeir Gestsson ber hita og þunga af henni sem fyrr og hefur nú gert í 22 ár. Með honum er einnig vefsíðunefnd sem sér meðal annars um að koma inn úrslitum sýninga.

Ekki má gleyma facebook síðunni okkar en hún er mjög virk.

Heimasíðunefnd og stjórnarmeðlimir hafa kappkostað að koma niðurstöðum prófa og sýninga sem fyrst inn á síðuna. Stjórn þakkar Olgeiri Gestssyni vefstjóra sérstaklega fyrir fórnfúst starf og útsjónasemi í að halda síðunni gangandi og bæta við hana því sem kemur upp hverju sinni.

Dagskrá 2020

Dagskrá 2020 og fjárhagsáætlun fyrir veiðipróf og vinnupróf var samþykkt af stjórn HRFÍ í desember 2019 og var dagskráin birt um miðjan janúar á heimsíðu og facebook síðu deildarinnar.

Dagskrá fyrir 2019 er með hefðbundnu sniði. Þrjár helgar með tveimur prófum og tvær helgar sem verða dæmdar af erlendum dómurum. Samtals eru þetta 13 veiðipróf og 1 vinnupróf.

Deildarsýning verður með sama hætti og 2019 þ.e. 26. september og stefnt að sömu staðsetningu. Í ár verður eitt veiðiprófið sunnudaginn eftir sýningu og verður Hólabergsbikarinn veittur fyrir besta árangur á deildarsýningu og veiðiprófi 27. september við Villingavatn.

Meistarakeppni verður haldin 2020 með svipuðum hætti og fyrr.

Dagskrá 2020

Veiðipróf

próf nr.	Dags	Skráning opnar	Staður	Dómari	Fulltrúi HRFÍ	Prófstjóri
202001	Lau.25.04.2020	(01.04.2020, kl. 07.00)	Murneyrar á Skeiðum	Sigurmon M. Hreinsson	Margrét Pétursdóttir	Þórhallur Atlason
202002	Lau.16.05.2020	(22.04.2020, kl. 07.00)	Seltjörn	Halldór G. Björnsson	Sigurður Magnússon	Heiðar Sveinsson
202003	Lau. 13.06.2020	(20.05.2020, kl. 07.00)	Húsavík / Final Approach	Kjartan I. Lorange	Hávar Sigurjónsson	Fanney
202004	Sun.14.06.2020	(20.05.2020, kl. 07.00)	Eyjafjörður / Final Approach	Hávar Sigurjónsson	Kjartan I. Lorange	Elías Frímánn
202005	Lau.04.07.2020	(9.06.2020, kl. 07.00)	Sílatjörn	Pál Bádsvík	Sigurður Magnússon	Svava og Guðrún
202006	Sun.05.07.2020	(9.06.2020, kl. 07.00)	Húsafell	Pál Bádsvík	Sigurður Magnússon	Guðrún og Svava
202007	Lau. 26.07.2020	(30.06.2020, kl. 07.00)	Tjarnhólar / Final Approach	Sigurður Magnússon	Halldór G. Björnsson	Ævar Valgeirsson
202008	Lau. 15.08.2020	(22.07.2020, kl. 07.00)	Hvammsvík / Eukanuba	Lars Nordenhof	Kjartan I. Lorange	Kári og Gunnar
202009	Sun. 16.08.2020	(22.07.2020, kl. 07.00)	Hvammsvík / Eukanuba	Lars Nordenhof	Kjartan I. Lorange	Gunnar og Kári
202010	Lau.05.09.2020	(12.08.2020, kl. 07.00)	Blönduós	Kjartan I. Lorange	Sigurmon M. Hreinsson	Þorsteinn Hafþórsson
202011	Sun.27.09.2020	(03.09.2020, kl. 07.00)	Villingavatn / Final Approach	Jens Magnús Jakobsson	Sigurður Magnússon	Arnar Tryggvason
801901	Lau.17.10.2020	(23.09.2020, kl. 07.00)	Meistarakeppni	Hávar, Sigurður Magnússon		Svava Guðjónsdóttir

Vinnupróf (WT)

próf nr.	Dags	Skráning opnar	Staður	Dómarar	Prófstjóri
222001	Lau. 30.05.2020	(06.05.2020, kl.07.00)	Straumur	Hávar, Margrét	Kári Heiðdal

Veiðinefnd hefur líkt og undanfarin ár skipulagt opnar æfingar fyrir deildarmeðlimi, æfingarnar hefjast í apríl og munu vera reglulega fram á vor. Eins mun veiðinefnd standa fyrir fræðslu og kynningarkvöldum og hófst það starf í janúar.

Göngu- og skemmtinefnd mun kynna viðburði jafnóðum og þeir standa til.

Sýningarnefnd mun standa fyrir sýningarþjálfunum ásamt því að vinna að frekari kynningum og fræðsluog hófst það í janúar.

Básanefnd hefur séð um skipulagningu og mönnun á Retrieverbás á sýningum félagsins þegar það hefur verið í boði og stórhundadögum í Garðheimum. Deildarmeðlimir hafa verið mjög duglegir að mæta með hunda sína í bása fyrir deildina.

Lokaorð:

Retrieverdeildin hefur notið þess að að henni stendur góður hópur fólks, samheldni og virðing fyrir áhugamálum og skoðunum annarra hefur einkennt okkar starf. Það er mikilvægt að við sem erum félagar í deildinni og tökum þátt í mismunandi uppákomum í kringum hundastarfið, hugum vel að okkar framkomu og orðræðu. Vinnum jákvætt áfram að framgangi alls þess góða starfs sem einkennir deildina. Styðjum við nýliða að taka þátt í starfinu og gerum það á uppbyggilegan og góðan hátt.

Það er ljóst að við erum missátt við það sem fer fram á hverri stundu, horfum á heildina og njótum þess að vinna saman að því sem okkur finnst skemmtilegast þ.e. með hundunum okkar.


Sjálfbóðaliðar eru svona starfi mjög mikilvægir, án þeirra væri ekkert starf hjá okkur. Höldum áfram að standa saman að framgangi deildarinnar og bjóðum okkur fram til aðstoðar þar sem við höfum tök á og okkar krafta er þörf.

2020 er afmælisár deildarinnar sem er 40 ára í ár. Öflug dagskrá er fyrir okkur öll besta afmælisgjöfin, að auki er stjórn að vinna að því hvernig þessu verður fagnað. Metnaðarfull dagskrá og hvetjum við ykkur öll til að vera dugleg við að sækja viðburði bæði sem þátttakendur, starfsfólk og áhorfendur.

Styrktaraðilar starfsins 2019 voru Petmark ásamt Hyundai og Bendir, 2020 bæti FA Final Approach og Veiðihúsi Sakka í þennan hóp. Það er ómetanlegt til að geta haldið úti blómlegu starfi að hafa styrktaraðila á bak við svona deild og erum við afar þakklát fyrir þeirra framlag.

Að lokum óskum við öllum þeim sem hafa náð árangri með hundana sína á árinu til hamingju, bjóðum nýja meðlimi velkomna og vonumst eftir góðu samstarfi með deildar meðlimum í starfi og leik í ár.

Reykjavík 19. febrúar 2020.



Heiðar Sveinsson formaður

Retrieverdeild HRFÍ (kt. 610809-0490) Bankareikningur (0322-26-010809)

Rekstrarreikningur 2019

1 Upphafsstæða 1.1.2019	1.800.512
Tekjur	
Veiðipróf	421.265
Veiðibjálfun	360.000
Sýningagjöld	241.317
Sýningabjálfun	131.200
Styrkur	500.000
Meistarakeppni	64.800
Sjoppa	74.930
Auglýsingatekjur	5.000
Tekjur samtals	1.798.512
Kostnaður vegna veiði	- 388.720
kostnaður veiðibjálfun	- 400.515
Kostnaður vegna sýninga	- 283.384
Sýningabjálfun - kostnaður	- 60.000
Heiðrun	- 28.710
Fundakostnaður	- 19.815
Tölva	- 234.994
Frystikista	- 49.000
Vefsíða	- 100.161
Meistarakeppni - matur	- 81.551
Bráð fyrir veiðipróf	- 118.500
Kostnaður samtals	- 1.765.350
Vextir	816
Hagnaður/ tap	33.162
Peninga eign í lok árs	1.834.490
útistandandi við áramót	100.041

Eignir deildarinnar eru 4 frystikistur, bráð fyrir um 50-100.000 kr, byssur og annað sem notað er við veiðipróf.

Útistandandi um áramót er innlegg frá sjoppu kr.52.880, Styrkur frá Bendir kr.45.000 og innlegg frá gjaldkera kr.2.161 samtals kr.100.041, -

Fyrir hönd stjórnar Retrieverdeildar HRFÍ

Unnur Olga Ingvarsdóttir

Unnur Olga Ingvarsdóttir